Eingöngu verk eftir núlifandi konur

● Sýningunni List er okkar eina von! lýkur í vikunni ● Söguleg staðreynd að það hallar á hlut kvenna í safneign Listasafns Reykjavíkur ● Samtal við Gjörningaklúbbskonur á lokakvöldinu

VIÐTAL

Kristín Heiða Kristinsdóttir
khk@mbl.is



„Á sýningunni eru verk eftir afar fjölbreyttan hóp öflugra samtímalistakvenna á öllum aldri, sú yngsta er fædd 1990 en sú elsta 1942. Verkin eru unnin í marga miðla og hafa tilvísanir í ólík viðfangsefni, meðal annars málverk, skúlptúrar, vefnaður og vídeóverk, allt hugmyndalega sterk verk. Fyrir vikið er ólík stemning í ólíkum sölum," segir Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, en hún er einnig sýningarstjóri sýningarinnar *List er okkar eina von!* sem staðið hefur yfir í Hafnarhúsinu frá því í byrjun mars. Henni lýkur á fimmtudag, þann 8. maí.



Ólöf Kristín Sigurðardóttir

„Á þessari sýningu eru ný aðföng úr safneign Listasafns Reykjavíkur, eingöngu verk eftir núlifandi konur, sem safnið hefur eignast undanfarin fimm ár. Á sýningunni eru ekki öll þau verk sem safnið hefur eignast en í forgangi eru verk sem hafa ekki verið mikið sýnd hjá okkur, en við vildum líka að sýningin endurspeglaði það sem er í gangi í íslenskri samtímamyndlist. Hluti af sýningunni eru verk eftir Gjörningaklúbbinn unnin fyrir árið 2016, en þá var klúbburinn skipaður þeim Eirúnu Sigurðardóttur, Jóní Jónsdóttur og Sigrúnu Hrólfsdóttur. Þær færðu safninu rausnarlega gjöf í fyrra, fjöldann allan af verkum sem sýna þverskurð af ferli Gjörningaklúbbsins á þessum tíma. Verkin endurspegla tíðaranda þess tíma sem þau voru gerð, yfir tuttugu ára tímabil. Verk hinna kvennanna á sýningunni eru frá síðustu fimm árum."

Verk kvenna sett í forgang

Ólöf segir að undanfarin ár hafi aðfanganefnd Listasafns Reykjavíkur lagt sérstaka áherslu á að safna verkum eftir konur, því í safneigninni halli verulega á hlut kvenna.

„Safnið fékk styrk til að stofna rannsóknarstöðu til að rannsaka hlut kvenna í íslenskri listasögu. Þetta var þriggja ára verkefni sem skilaði þremur mikilvægum sýningum á Kjarvalsstöðum og mikilvægum útgáfum. Þetta var sýning á verkum Hildar Hákonardóttur, sýning á verkum Borghildar Óskarsdóttur og samsýningin *Ólga* sem enn stendur yfir. Þessar þrjár sýningar taka á ólíkum þáttum í hlut kvenna í íslenskri listasögu seinni hluta tuttugustu aldar. Í þessu samhengi kynntum við okkur það sem var verið að gera á alþjóðavettvangi, fórum meðal annars á ráðstefnuna *Fast Forward*, sem haldin er reglulega, en þar er verið að greina hlut kvenna í vestrænni listasögu á síðari hluta tuttugustu aldar. Þar þurftum við að gera grein fyrir tölum Listasafns Reykjavíkur, en okkar safneign er gríðarlega karllæg, stofn safneignar í upphafi var að mestu verk karla, stórt safn verka Kjarvals, Errós og Ásmundar Sveinssonar. Fyrir utan þessi sérsöfn er almenna safneignin, mest frá seinni hluta tuttugustu aldar og til samtímans, en þegar við horfum á þá safneign sjáum við að verk kvenna eru innan við 24 prósent, sem er sláandi. Við erum ekki að tala um þann tíma þegar konur voru mjög fáar í hópi myndlistarmanna. Þetta var þó nokkurt raunveruleikatékk fyrir okkur og því tókum við það skref að setja verk kvenna í forgang þegar kemur að listaverkakaupum, hafa jákvæða mismunun. Við gerðum okkur grein fyrir að við næðum aldrei að rétta þennan kynjahalla alveg af, heldur væri þetta táknrænt og lýsti vilja til að rétta hlut kvenna og kannast við þá sögulegu staðreynd að það hallar á hlut kvenna í safneigninni. Það fjármagn sem við höfum úr að spila til aðfanga takmarkar mjög mikið það sem við gerum og á öllum tímum hefur safnið þurft að horfa framhjá glæsilegum verkum sem safnið hefði hugsanlega viljað eignast."



Ljósmynd/Listasafn Reykjavíkur

Skúlptúr Á meðal verka á Listin er okkar eina von! er verk Auðar Lóu Guðnadóttur, Guerilla Girls, frá 2020.

„Verða konur að vera naktar?"

Ólöf segir að titill sýningarinnar, *List er okkar eina von!,* sé valinn út frá verkum Katrínar Ingu Jónsdóttur Hjördísardóttur, sem eru á sýningunni.

„Þetta er yfirskrift þriggja ljósmynda sem fanga gjörning Katrínar þar sem hún kinkar kolli til listakonunnar Carolee Schneemann, en hún framdi sinn gjörning á sjöunda áratugnum. Framlag Schneemann og margra annarra listakvenna 20. aldar til listasögunnar hefur verið í ákveðinni endurskoðun á síðustu áratugum. Með vinki Katrínar til Carolee sjáum við samhengi tímans, því þó áratugir hafi liðið milli gjörninga þessara tveggja listakvenna, þá þarf enn að huga að baráttu kvenna fyrir því að öðlast pláss á myndlistarsviðinu. Vissulega er meiri meðvitund um þessi mál núna og margt hefur breyst, það hefur orðið vitundarvakning. Í verkum Katrínar er ákveðin afhjúpun, en ég held að MeToo-hreyfingin hafi fært listakonum og konum almennt endurnýjaðan kjark til að afhjúpa sig."

Ólöf segir að sum verkin á sýningunni tali beint inn í markmið hennar, t.d. verk Auðar Lóu Guðnadóttur, en þar er myndefnið listkvennahópurinn Guerilla Girls, sem þekktur er fyrir að beina kastljósinu að vanmati listheimsins á framlagi kvenna. Á verki Auðar Lóu stendur setning úr einu frægasta verki Guerilla Girls: „Verða konur að vera naktar til að komast inn í Met-safnið?"

Ólöf verður með samtal við Gjörningaklúbbskonur kl. 20 í Hafnarhúsi nk. fimmtudagskvöld, 8. maí, á síðasta sýningardegi, en þá verður safnið opið til kl. 22, eins og alla fimmtudaga í Hafnarhúsi.

Auk Gjörningaklúbbsins eru verk eftir fjölmargar listakonur á sýningunni, þetta eru Anna Hallin, Anna Hrund Másdóttir, Arna Óttarsdóttir, Auður Lóa Guðnadóttir, Edda Jónsdóttir, Erla Þórarinsdóttir, Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar, Hekla Dögg Jónsdóttir, Helena Margrét Jónsdóttir, Helga Páley Friðþjófsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir, Katrín Elvarsdóttir, Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir, Kristín Morthens, Margrét H. Blöndal, Olga Bergmann, Sirra Sigrún Sigurðardóttir, Una Björg Magnúsdóttir, Una Margrét Árnadóttir og Þórdís Aðalsteinsdóttir.

Bílahöllin
Sími 567 4949 | Bíldshöfða 5, 110 Reykjavík | bilahollin.is



TOYOTA LAND CRUISER GX 150
Nýskráður 12/2023. Akstur 23 þ.km. Dísel. Sjálfskipting. 33" breyttur. Snorkel. Gluggahlífar. Dráttarkrókur. Bakkmyndavél. Seljandi skoðar skipti á ódýrara.
Verð 13.790.000 Raðnr. 440738



VOLVO XC40 AWD
Nýskráður 5/2023. Akstur 16 þ.km. Rafmagn. Sjálfskipting. 360 gráðu myndavél. Harman kardon hljóðkerfi. Panorama glerþak.
Verð 7.390.000 Raðnr. 219194



TOYOTA HIGHLANDER VX HYBRID
Seljandi skoðar skipti á ódýrari bíl. Nýskráður 7/2021. Akstur 57 þ.km. Bensín / Rafmagn. Sjálfskipting. 7 manna. Leðuráklæði. Ný heilsársdekk
Verð kr. 8.280.000 Raðnr. 822212



NISSAN LEAF 40KWH TEKNA
Ný Goodyear vetrardekk á felgum fylgja með. Nýskráður 3/2024. Akstur Nýtt ökutæki. Rafmagn. Sjálfskipting. Leðuráklæði. Bose hljómkerfi. Ný goodyear vetrarekk á felgum. Ceramic Coat lakkvörn. Drægni 280 km.
Verð 3.990.000 Raðnr. 805858

Sýningin Yrkja II hefur verið opnuð í Bergi



Yrkja II Sýning Guðmundar Ármanns stendur til laugardagsins 31. maí.

Myndlistarmaðurinn Guðmundur Ármann hefur opnað málverkasýningu sína í Bergi, menningarhúsi Dalvíkinga.

Segir í tilkynningu að á sýningunni, sem ber yfirskriftina *Yrkja II*, séu um 19 málverk máluð á árunum 2021 til 2025 og einnig nokkrar teikningar. Þá sé þessi sýning í beinu framhaldi af sýningu hans í Bergi árið 2022 um sama yrkisefni.

„Viðfangsefnið er myndverk í anda konkret-listastefnunnar, en hún hefur birst í öllum listgreinum, svo sem konkret ljóð, tónlist og myndlist. Konkret-stefnan spannar tímabilið frá 1917 til 1950/60 og sviðið er í byrjun í Evrópu. Á Íslandi kemur stefnan svo fram í myndlist, tónlist og ljóðlist á 4. og 5. tug 19. aldar."

Sýningarstjóri er Elsa María Guðmundsdóttir en sýningin, sem stendur til 31. maí, verður opin á þjónustutíma menningarhússins, mánudaga til föstudaga frá klukkan 11 til 17 og á laugardögum frá klukkan 13 til 16.

Boðar 100% toll á erlendar kvikmyndir



Donald Trump

Donald Trump forseti Bandaríkjanna tilkynnti á samfélagsmiðli sínum Truth Social að hann hefði heimilað viðskiptaráðuneyti landsins að leggja 100% toll á allar erlendar kvikmyndir framleiddar utan Bandaríkjanna. Sagði hann alla erlenda kvikmyndaframleiðslu vera „þjóðaröryggisógn við bandaríska kvikmyndagerð" og að erlendar myndir bæru „áróður" til Bandaríkjanna. „Bandarískt kvikmyndabransinn er að deyja hratt. VIÐ VILJUM AÐ KVIKMYNDIR SÉU GERÐAR Í BANDARÍKJUNUM, AFTUR!" skrifaði Trump með hástöfum. Tilkynning hans, sem samkvæmt upplýsingum *Variety* hefur valdið miklum usla í Hollywood, birtist aðeins viku áður en alþjóðlega kvikmyndahátíðin hefst í Cannes í Frakklandi, en þar reyna ávallt fjölmargir bandarískir framleiðendur að selja alþjóðlegan dreifingarrétt á myndum sínum.